

Spjaldakerfi - Bekkjarstjórnun

Í tengslum við uppeldi til ábyrgðar nýta kennarar sérstakt spjaldakerfi sem innleidd var í samvinnu við Vöndu Sigurgeirsdóttur hjá KVAN. Kerfið er nýtt til að styrkja jákvæða hegðun nemenda og aðstoða þá við að velja jákvæða hegðun en um leið að það að velja neikvæða hegðun hefur afleiðingar. Í Uppeldi til ábyrgðar erum við að kenna nemendum að læra að taka ábyrgð á eigin hegðun og þetta kerfi er til að aðstoða nemendur að velja rétt og minna á það sem vel er gert.

Viðmið - Spjöld

Við viljum grænt

Grænt spjald ☺

- Kurteis
- Hlusta og fara eftir fyrirmælum starfsfólks skólans
- Vera góð/ur við aðra

Við þössum okkur þegar við fáum gult

Gult spjald: ☹ ☹

- Dónaleg/ur við starfsfólk og aðra nemendur
- Fara ekki eftir fyrirmælum starfsfólks
- Meiða aðra
- Meiðir með orðum

Við viljum ekki appelsínugult

Appelsínugult spjald: ☹ ☹ ☹

- Ítrekað dónaleg/ur við starfsfólk og aðra nemendur
- Fer ítrekað ekki eftir fyrirmælum starfsfólks
- Meiðir aðra ítrekað
- Meiðir ítrekað með orðum

Við viljum alls ekki rautt

Rautt spjald: ☹ ☹ ☹ ☹

- Meiða aðra viljandi
- Ítrekaður dónaskapur
- Endurtekið meiðir aðra nemendur
- Útilokar nemendur í samskiptum og meiðir með orðum